

Föstudaginn 11. apríl 1975.

Nr. 44/1975. Lífeyrissjóður verkstjóra
 gegn
 Jóni V. Jónssyni s/f.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 20. mars 1975, sem barst Hæstarétti 8. apríl sl., hefur sóknaraðili samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Reykjavíkur, uppkveðinn 11. mars 1975. Krefst hann þess, að hinn kærði dómur verði úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar um efni þess.

Af hálfu varnaraðilja hafa hvorki kröfur né greinargerð.

Eigi verður talið, að ákvæði 80. gr. laga nr. 85/1936 eða önnur varnarþingsákvæði laganna veiti heimild til að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Ber því að staðfesta hinn kærða dóm.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. mars 1975.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. janúar sl., en endurupptekið og frestað 13. febrúar sl. og dómtekið á ný 20. febrúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. janúar sl., af Lífeyrissjóði verkstjóra, Skólavörðustíg 16, Reykjavík, gegn Jóni V. Jónssyni s/f, Dalshrauni 4, Hafnarfirði, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 104.285 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til 16. maí 1973 af kr. 3.222 frá 1. janúar 1973, af kr. 3.767 frá 1. febrúar 1973, af kr. 3.767 frá 1. mars 1973, af kr. 3.767 frá 1. apríl 1973, af kr. 3.767 frá 1. maí 1973, en með 1½% dráttarvöxt-

um fyrir hvern byrjaðan mánuð til 15. júlí 1974 af kr. 18.290 frá 16. maí 1973, af kr. 3.767 frá 1. júní 1973, af kr. 3.767 frá 1. júlí 1973, af kr. 3.767 frá 1. ágúst 1973, af kr. 3.767 frá 1. september 1973, af kr. 3.767 frá 1. október 1973, af kr. 3.767 frá 1. nóvember 1973, af kr. 3.767 frá 1. desember 1973, af kr. 3.767 frá 1. janúar 1974, af kr. 5.585 frá 1. febrúar 1974, af kr. 5.585 frá 1. mars 1974, af kr. 5.585 frá 1. apríl 1974, af kr. 5.585 frá 1. maí 1974, af kr. 5.585 frá 1. júní 1974, af kr. 5.585 frá 1. júlí 1974, en með 2% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð til greiðsludags af kr. 81.936 frá 15. júlí 1974, af kr. 5.585 frá 1. ágúst 1974, af kr. 5.585 frá 1. september 1974, af kr. 5.585 frá 1. október 1974 og af kr. 5.585 frá 1. nóvember 1974 auk málskostnaðar samkvæmt taxta LMFÍ.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera ógreitt iðgjald til stefnanda af launum verkstjórans Braga V. Jónssonar, sem sé starfsmaður stefnda, tímabilin desember 1972, kr. 3.222, allt árið 1973, krónur 43.210, og janúar til og með október 1974, krónur 55.853, samkvæmt skilagreinum um iðgjöldin, sem reiknuð séu eftir því kaupi, sem starfsmaðurinn hafi haft hjá stefnda. Kaup hans hafi í desember 1972 verið kr. 32.220, árið 1973 kr. 432.100 og janúar til október 1974 kr. 558.530, allt miðað við lágmarkskaup verkstjóra samkvæmt samningum Verkstjórafélags Íslands (sic) og Vinnuveitendasambands Íslands. Af fjárhæðinni séu 4%, sem stefndi hafi haldið eftir af kaupi starfsmannsins og hafi borðið að skila til stefnanda sem geymslufé, en hafi ekki gert, og 6% séu mótframlag stefnda sjálfs til lífeyrissjóðsins samkvæmt sömu samningum. Stefndi hafi engin skil gert þrátt fyrir áskoranir. Hann hafi ekki heldur gert skilagreinar um iðgjöld. Þau séu reiknuð út af Lífeyrissjóði verkstjóra eftir meðallaunum verkstjóra á umræddum tímabilum og geti því ekki verið of há. Greiðslur til lífeyrissjóðsins falli í gjalddaga mánaðarlega og sé dráttarvaxta krafist samkvæmt því.

Í greinargerð sinni á dskj. nr. 2 tekur stefnandi fram, að skylduaðild sé að Lífeyrissjóði verkstjóra, sbr. viðbótarákvæði við samning, prentað í reglugerð á dskj. nr. 5. Vaxtakröfu sína útskýrir stefnandi enn fremur á dskj. nr. 6 og tekur fram, að vaxtafótur sé leyfðir vanskilavextir samkvæmt auglýsingu Seðlabanka Íslands 30. desember 1965, 30. apríl 1973 og 12. júlí 1974. Enn fremur tekur stefnandi fram, að stefndi Jón V. Jónsson sé aðaleigandi og framkvæmdastjóri Jóns V. Jónssonar s/f og sé fullnægjandi að stefna honum einum f. h. félagsins.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Heimili og varnarþing stefnda er í Hafnarfirði, og var stefnan í máli þessu birt þar. Skilyrðum 80. gr. laga nr. 85/1936 hefur því eigi verið fullnægt. Þar sem eigi verður talið, að heimild 1. mgr. 82. gr. sömu laga nái yfir kröfu stefnanda, og þar sem skjöl málsins bera ekki með sér, að aðiljar hafi samið um meðferð málsins fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, fæst ekki séð, með hvaða heimild stefnandi höfðar mál þetta hér fyrir bæjarþinginu. Ber því af sjálfsdáðum að vísa málinu frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason, settur borgardómari.

Dómsorð:

Máli þessu er af sjálfsdáðum vísað frá dómi.

Föstudaginn 11. apríl 1975.

Nr. 154/1972. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga

(Árni Halldórsson hrl.)

gegn

Rafnkeli Jónssyni og gagnsök

(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramirnir **Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,**
Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Mjólkurflutningar. Endurgreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Einar Oddsson sýslumaður hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s. m.,